

Dagskrá veturinn 2018 - 2019

Athugið að dagskráin er ekki tæmandi og getur tekið breytingum. Eflaust munu einhverjir viðburðir bætast við á vorönn. Hver viðburður verður kynntur sérstaklega þegar nær dregur.

4. OKTÓBER – BEKKJARFULLTRÚAFUNDUR

Fundur með bekkjarfulltrúum og námskeið um hlutverk bekkjarfulltrúa. Meðal annars verður kynntur Foreldrasáttmáli Heimilis og skóla sem er gott stuðningstæki fyrir foreldra. Bekkjarfulltrúar hvattir til að halda fundi í sínum árgögum til að stilla saman strengi fyrir komandi veturn. Bryndís Jónsdóttir verkefnastjóri hjá Heimili og skóla og foreldri í Vatnsendaskóla sér um fræðsluna.

31. OKTÓBER – HALLOWEEN BALL

Halloween ball fyrir miðstig skólans. Krakkarnir mæta uppáklædd í tilefni dagsins og skemmta sér. Kosið um besta búninginn. Viðburðurinn er í umsjá 10. bekkjar og haldinn í samvinnu við Dimmu.

29. NÓVEMBER – JÓLABINGÓ

Foreldrar og börn koma saman og taka þátt í skemmtilegu jólabingói. Veglegir vinningar í boði og kaffisala á staðnum. Bingóið verður tvískipt; yngri árgangarnir fyrst og síðan þeir eldri. Viðburðurinn er í umsjá 10. bekkinga og þeirra foreldra.

6. FEBRÚAR – RAVE BALL

Diskótek fyrir miðstig í umsjá 10. bekkinga og þeirra foreldra.

19. MARS – SKÍÐADAGUR

Ætlunin er að fara í Bláfjöll og eiga góðan dag saman. Skíðadagurinn hefur verið haldinn tvívar áður og er farinn að skapa sess í vetrarstarfi foreldrafélagsins. Eins og undanfarin ár verður rútuferð frá skólanum. Börn á yngsta stigi eru hjartanlega velkomin, en verða að vera í fylgd með fullorðnum.

4. APRÍL – PÁSKABINGÓ

Bingóið verður á sínum stað. Bingóið verður tvískipt; yngri árgangarnir fyrst og síðan þeir eldri. Umsjón er í höndum 10.bekkinga.

MAI - HJÓLAFIX

Í maí ætlum við að vera með hjóla mix og fix dag í skólanum. Þá geta krakkarnir komið með hjólin í skólann og fengið aðstoð við að pumpa smyrja og stilla. Síðan fáum við okkur hressingu og prufukeyrum græjurnar þannig að allt verði klárt fyrir Stóra hjóladaginn

MAÍ – HJÓLADAGUR

Hjólað saman á skemmtilegan stað þar sem við munum grilla pylsur og eiga skemmtilega stund saman.

8. JÚNÍ – VORHÁTÍÐ

Á hverju ári fögnum við skólaslitum með því að blása til veggelrar vorhátíðar. Gert er ráð fyrir að vorhátíðin verði með svipuðu sniði og undanfarin ár.